

AUGLÝSING

88

23. des.

um viðskiptasamning Íslands og Spánar.

Hinn 29. nóvember s. l. var í Madrid undirritaður viðskiptasamningur milli Íslands og Spánar.

Samningurinn er gerður á grundvelli frjálsra viðskipta í samræmi við starfsreglur Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu.

Samningurinn gildir í eitt ár, en framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn, sé honum ekki sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 23. desember 1960.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.